

ÍSLANDSMÓT Í PARATVÍMENNINGI 2025 - Reglugerð

- 1.Par skal standa saman af tveimur spilurum sem eru ekki að sama kyni.
- 2.Spilað er allir við alla, 3 spil milli para. Gefnar eru 27 mínútur á umferð. Þör sem ítrekað fylgja ekki settum tímamörkum verða sektuð, að undangenginni aðvörun frá keppnisstjóra og skal sektin vera a.m.k. 10% af toppskori spils.
- 3.Nota skal Alert og yfirlýsingar samkvæmt reglugerð BSÍ.
- 4.Ef kvenspilari er í parinu skal spilari sitja í Norður og Austur.
- 5.Allt tal um spilin í spilasal er bannað og komi fram kvörtun vegna brots á þessari reglu er viðkomandi sektaður án aðvörunar um 10% af toppskori spils.
- 6.Allar áfrýjanir á úrskurði keppnisstjóra skulu vera skriflegar og berast keppnisstjóra innan 30. mínútna frá lokum hvarrar umferðar. Tryggingarfé, að upphæð kr. 10.000 skal fylgja hverri áfrýjun. Líti dómnefnd svo á að áfrýjun hafi verið eðlileg, verður tryggingarfénu skilað, að öðrum kosti rennur það til uppbyggingar á sjóði til menntunar keppnisstjóra.
- 7.Það par, sem flest stig hlýtur að loknum öllum umferðunum, telst sigurvegari í mótinu og hlýtur titilinn ÍSLANDSMEISTARAR Í PARATVÍMENNINGI 2025. Verði þör jöfn að stigum, úrskurðast röð samkvæmt keppnisreglugerð BSÍ
- 8.Öll ölvun í keppni varðar brottvísun úr mótinu og keppnisbanni.
- 9.Tóbaksnotkun í keppnissölum eru bönnuð.
- 10.Notkun farsíma í keppnissölum er bönnuð.
- 11.Spilað er að öllu leyti eftir alþjóðalögum í bridge.

KEPPNISSTJÓRI Rúnar Einarsson